

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 158/2022

2022/EES/61/70

frá 29. apríl 2022

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/782 frá 15. maí 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB að því er varðar að ákvarða samræmda áhættuvísa <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Lið 11 (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við:

„, breytt með:

- **32019 L 0782**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/782 frá 15. maí 2019 (Stjtíð. ESB L 127, 16.5.2019, bls. 4).“

2. Orðið „aðlaganir“ skal koma í stað orðsins „aðlögun“.

3. Aðlögunin sem þegar er til staðar skal bera númerið alögðun a).

4. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við:

- „b) Að því er EFTA-ríkin varðar, skal fyrst reikna út og birta samræmdan áhættuvísi 1 fyrir 1. september 2022, í samræmi við 7. mgr. 2. þáttar IV. viðauka.

- c) Að því er EFTA-ríkin varðar, skal 4. mgr. 3. þáttar IV. viðauka hljóða svo:

„Grunnlínan fyrir samræmdan áhættuvísi 2 skal stillt á 100 og er jöfn og meðaltalsniðurstaðan úr útreikningnum hér á undan fyrir tímabilið 2016–2018. Fyrsta ár útreikninganna er 2016.“

- d) Að því er EFTA-ríkin varðar, skal fyrst reikna út og birta samræmdan áhættuvísi 2 fyrir 1. september 2022, í samræmi við 6. mgr. 3. þáttar IV. viðauka.

- e) Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að reikna út og birta samræmdan áhættuvísi 1 í samræmi við 2. þátt IV. viðauka og samræmdan áhættuvísi 2 í samræmi við 3. þátt IV. viðauka.“

(<sup>1</sup>) Stjtíð. ESB L 127, 16.5.2019, bls. 4.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2019/782, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.